



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
við setningu
Sjávarútvegsráðstefnunnar
Reykjavík
24. nóvember 2016**

Síðasta öld var sjávarútvegsöld í Íslandssögunni. Hún hófst með okkar eigin iðnbyltingu um aldamótin, mun síðar en víða á Vesturlöndum. Þessi bylting sást gleggst við sjávarsíðuna og á hafi úti. Vélar voru settar í árabáta, við fengum áhættufé að utan til að kaupa togara. Erlendir athafnamenn reistu síldarverksmiðjur. Fyrir vikið gátum við Íslendingar fetað fyrstu skrefin frá fátækt til bjargálna. Sú leið var ekki samfelld sigurganga. Svipull er sjávarafli, segir máltækið, og markaðir mislyndir. Eftir fyrri heimsstyrjöld lá við greiðsluþroti íslenska ríkisins vegna verðhruns á mörkuðum, í aðdraganda seinna stríðs vorum við í svipuðum kröggum.

En þvínæst urðu umskiptin miklu. Á stríðsárunum varð mikill gróði af sölu sjávarafurða erlendis, sem unnt var að nýta í nýsköpun, einkum í sjávarútvegi. Stundum var meira byggt upp af kappi en forsjá en þá velmegun og uppbyggingu sem Íslendingar nutu á seinni hluta síðustu aldar má fyrst og fremst rekja til auðlinda hafsins. Frystihús risu, síldin kom og fór reyndar líka. Í stað síðutogaranna sóttu skuttogarar Íslandsmið. Vöruvöndun jókst, nýir markaðir fengust í austri og vestri og víðar. Þorskastríðum lauk með fullnaðarsigri. Skilningur skapaðist á því að takmarka þyrfti sókn í fiskistofna. Ef við lítum um öxl sjáum við að saga íslensks sjávarútvegs frá lýðveldisstofnun er saga velgengni. Sjávarútvegsöld, það er réttnefni fyrir tuttugustu öldina.

En hvað með þá tuttugustu og fyrstu? Hlutfall sjávarafla í útflutningstekjum okkar hefur minnkað til muna. Stóriðja stækkaði þjóðarkökuna. Ferðamennina með gjaldeyri sinn má meta til ótalmargra þorskígildistonna. Og með öflugri tækniþróun fækkar þeim sífellt sem

vinna við sjávarútveg. Í fyrra töldust íslenskir sjómenn vera samtals 4.100, um 2,2 prósent af vinnuafli landsins, og í fiskvinnslu unnu um 3.700 manns, um 2 prósent fólks á vinnumarkaði.

Hér á höfuðborgarsvæðinu, þar sem um tveir þriðju landsmanna búa, sækja fáir unglingar sumarvinnu í fiski núorðið – sjálfur gerði ég það aldrei – og fátítt að þeir svari á fullorðinsárum kallinu góðkunna sem sungið var inn á hljómplötu árið 1982: „Háseta vantar á bát, háseta vantar á línu og net.“ Í því góða lagi söng listamaðurinn Guðmundur Rúnar Lúðvíksson texta Bjartmars Guðlaugssonar sem fór á sínu fyrstu vertíð fimmtán ára gamall „og eftir slíka reynslu er maður tilbúinn í allt“, eins og hann sagði. Tveimur árum síðar var Bjartmar aftur á vertíð, í Vestmannaeyjum, og fékk innblástur að sinni fyrstu plötu: „Ég var að vinna í gúanóinu við að setja formalín í loðnuna í helvíti góðum og hlýjum vinnuskúr og þar samdi ég lögin og textana við fyrstu plötuna mína.“

„Þúsund þorskar á færibandinu þokast nær,“ söng Bubbi Morthens líka á þessum árum. En allt er í heiminum hverfult. Þau eru að hverfa eða að minnsta kosti snarminnka, þessi áhrif útvegsins á þjóðarsálina, sköpunina, mannfólkið. Óskalög sjómanna eru löngu horfin af öldum ljósvakans, ný lög um sjómennsku og fiskvinnslu heyrast sjaldan. Bubbi, Bjartmar og aðrir af þeirra kynslóð áttu kannski lokaorðin, að minnsta kosti í bili.

Útvegsöldin mikla er á enda runnin, rétt eins og bændasamfélagið gamla hvarf á sínum tíma. En sem betur fer eigum við enn bændur og búalið, landbúnað með sóknarfæri í sjálfbærni og hágæðaafurðum. Og sama gildir um sjávarútveginn. Um fyrirsjáanlega framtíð verða fiskveiðar og vinnsla einn okkar mikilvægustu atvinnuvega. Gild rök má líka að leiða að því að forsvarsmenn útvegsins séu í fararbroddi tækninýjunga, vöruþróunar, markaðssetningar og umhverfisverndar. Vissulega má alltaf gera enn betur en þessi ráðstefna mun endurspeglar þann dugnað, nýsköpun, fjölbreytni og framsýni sem enn býr í hinum gamla undirstöðuatvinnuvegi okkar.

Menntun – í þeim sígilda skilningi að auka við þekkingu sína og færni – er frumskilyrði framfara. Þótt börnin hér á höfuðborgarsvæðinu og kannski víðar um landið standi ekki lengur við færibandið og rói aldrei á línu og net er aldrei að vita nema þau leggist nú samt á árarnar. Hver veit nema vélaverkfræðingurinn komi að gerð byltingarkenndrar flæðilínu í fiskvinnslusalinn, grafíski hönnuðurinn teikni merki nýrrar og ferskrar vöru til útflutnings, tölvunarfræðingurinn semji forrit fyrir fiskiskipið, efnafræðingurinn skapi áburð úr innyflum, hönnuðurinn skó eða töskur úr roðinu, matvælafræðingurinn rýni í prótein og fiskbein,

ferðamálafræðingurinn selji ferðir í sjóstangveiði. Kannski er snúið að semja og kyrja snjöll dægurlög um iðju af þessu tagi en verðmætasköpunin er örugglega ekki síðri. Verði rétt á málum haldið er framtíðin björt í íslenskum sjávarútvegi.